

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
Sími: 411-6060 / Fax: 411-6070
borgarskjalasafn@reykjavik.is
www.borgarskjalasafn.is

Hjörleifur Hjörleifsson

Framkvæmdarstjóri

(1906-1979)

- Skjalaskrá -

Einkaskjalasafn nr. 320

Hjörleifur Hjörleifsson

framkvæmdastjóri

Hjörleifur fæddist 18. maí 1906 í Reykjavík og andaðist 20. apríl 1979. Foreldrar hans voru Hjörleifur Þórðarson, sem fæddist 19. október 1878, og andaðist 15. maí 1959, og Sigríður Rafnsdóttir, sem fæddist 12. mars 1882 og andaðist 23. júlí 1956.

Hjörleifur ólst upp í Reykjavík en dvaldist löngum hjá afa sínum Þórði, á Hálsi í Kjós. Hann hefur sagt frá því í grein sem hann skrifaði sem persónulýsingu á afa sínum Þórði að:

„Afi átti þrjár samliggjandi jarðir, Laxárnes, Neðra-Háls og Hvamm, en hann mun hafa hugsað sér að ég yrði bóndi og tæki við jörðunum, og mun af þeirri ástæðu hafa haldið mér hjá sér óslitið í heilt ár, síðasta árið sem ég var þar. En ég var ekki búmannslegur, og mun afi hafa séð það. Það ár, þegar ég var tólf ára (1918), seldi hann allar jarðir sínar og hætti búskap, en bjó þó á Hálsi til dauðadags.

Eftir að ég komst til vits og ára hef ég litið svo á, að afi hafi að nokkru mátt sjálfum sér um kenna, að ekki rættist betur úr mér, en raun varð á, en það hafa víst verið honum vonbrigði. Ég var nefnilega ekki alinn upp til þess að verða bóndi, að mínu viti, heldur var farið með mig á Hálsi, sem erfðaprins og dekurbarn. Ég mátti vinna nokkurnveginn það sem mér sýndist, og læra nokkurnveginn það sem ég vildi. Afi lét mig hafa heimilis-kennara, en sendi kennara sveitarinnar burt til að sinna öðrum börnum. Nám mitt á þessum árum, þó svo ætti að heita að ég lærði öll skyldufög, beindist einkum að tungumálum, eingöngu til þess að ég gæti lesið allar bækur, sem til voru á heimilinu. Af sveitastörfum lærði ég ekki neitt.

Mér er minnisstætt að haustið 1917 voru miklar frosthörkur, og þótti afa brýnt að ég fengi skjólgóð föt. Var kvennfólk sett í að þrjóna á mig þykk ullarföt utast sem innst, en sjálfur settist afi við að vefa handa mér efni í buxur. Þegar stykkið var orðið nógu stórt, var það fengið vinnumanni til að þæfa það, fyrst í höndunum, og síðan tveimur til að þæfa það með fótunum. Ég fylgdist með þessu af vaxandi kvíða, því stykkið minnkaði og minnkaði, en varð jafnframt þykkara og þykkara- þegar svo var búið að sauma úr því buxurnar mátti heita að þær gætu staðið sjálfar. Í skemmu var sóttur búnki af lambskinnum, og vandlega valið eitt úr, mórautt, krullhært, og úr því gerð skinnhúfa allmikil, og mátti bretta niður fyrir eyru og hnýta undir höku. Að lokum voru svo saumaðir skinnsokkar, sem náðu upp fyrir hné. Buxurnar góðu náðu niður á miðja kálfa, og þó ég væri ekki hrifinn af þeim, gekk ég í þeim hvern dag allan veturinn, nema á stórhátíðum, og ekki gat ég slitið þeim, þó ég oft renndi mér á rassinum niður svellbúnkana í fjallshlíðinni, og notaði þær miskunarlaust í öllu drasli.”

Þegar ekkert varð úr búskapnum sneri Hjörleifur sér að verslunarstörfum. Hann var í námi í kvöldskóla hjá N. Manscher veturinn 1921 – 1922 og útskrifaðist úr Verslunarskóla Íslands 1924 og stundaði verslunarstörf fram yfir 1930. Samkvæmt yfirliti sem sennilega er skrifað í tengslum við að hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu þann 17. júní 1975, telur hann upp helstu störf sem hann hefur

gengt þannig:

1931 réðst ég í þjónustu Rafmagnsveitu Reykjavíkur, fyrst sem aðstoðarmaður í tæknideild. Ég var síðan fulltrúi í tæknideild og einkum við nýbyggingar, eimtúrbínustöð og Sogsvirkjanir.

1947 var ég skipaður skrifstofustjóri á aðalskrifstofu, og jafnframt skrifstofustjóri Sogsvirkjunar

1948 fór ég utan til Englands til að kynna mér tölvuvinnslu. Þetta virtist ákaflega hentug aðferð vegna vinnslu Rafmagnsveitunnar, en gjaldeyrir var þá af skornum skammti, og leyfi fengust ekki fyrr en

1952, þegar samvinna hafði tekist með ríkinu um stofnun sameiginlegs fyrirtækis til að starfrækja tölvutækni. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar voru þá stofnaðar, og var ég í byrjun framkvæmdastjóri þess og varamaður í stjórn.

1960 var ég skipaður í aðalstjórn Skýrsluvéla. Það sama ár var ég skipaður fjármálafulltrúi Rafmagnsveitunnar og á þeim árum og fram til 1970 fór ég margar utanferðir, til Ameríku og Evrópu, í fjármálaerindum.

1964 stofnaði ég fyrir hönd borgarráðs Veiðifélag Elliðavatns með veiðibændum úr nágrenni borgarinnar, og hef verið formaður þess frá upphafi til þessa dags [[júní 1975](#)]

1965 skilaði ég af mér Sogsvirkjun til Landsvirkjunar

1967 stofnaði ég Skýrslutæknifélag Íslands, og var formaður þess um sjö ára skeið.

1973 fór ég á eftirlaun, en sit ennþá í stjórn Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, og hef nýlokið fimm ára stjórnarformennsku

Hjörleifur var tvígiftur. Fyrri konu sinni, Soffía Guðlaugsdóttir leikkona, giftist hann 1930 og áttu þau einn son, Guðlaug. Soffía andaðist í júlí 1948. Í september 1949 giftist Hjörleifur seinni konu sinni, Eufemíu Georgsdóttur, sem lifði hann og andaðist 19. september 2002. Frásögn (tölvubréf) Guðlags Hjörleifssonar, sonar Hjörleifs Hjörleifssonar, 16. september 2003.

Guðlaugur Hjörleifsson og kona hans Halla Gunnlaugsdóttir færðu safninu skjölin að gjöf 15. og 17. september 2003.

Skjalaskrá

Einkunnablað: Herr Hjörleifur Hjörleifsson har i Vinteren 1921-1922 gennemgaaet Aftenkursen i Bogholderi hos Revisionchef N. Mancher ..., 1922.
Verslunarskóli Íslands í Reykjavík:

Einkunnablað Hjörleifs Hjörleifssonar, 1924.

Leyfisbréf til hjónavígslu til handa Hjörleifi Hjörleifssyni og Soffíu Guðlaugsdóttur

Þakkarkort með mynd í tilefni sextugsafmælis frá Jóhannesi Kjarval, í umslagi merktu Hjörleifi Hjörleifssyni og frú, Kirkjustræti 10.

Skráð: Ragnhildur Bragadóttir

Borgarskjalasafni afhent eftirfarandi skjöl í 5. og 21 október 2005 úr safni Hjörleifs Hjörleifssonar. Bréf - listi fylgir sendingunum.

“Borgarabréf handa Rafni Sigurðssyni til að mega reka verslun í Reykjavíkurborg”
dagsett 3. nóvember 1897.

Sveinsbréf í trésmíðaiðn til handa Hjörleifi Þórðarsyni, dagsett 10. október 1900.

Leyfisbréf til handa afa mínum og ömmu Hjörleifi Þórðarsyni og Sigríði Rafnsdóttur, dagsett 5. september 1902, þar sem þeim er “allra náðugast” veitt leyfi til að giftast án undangenginnar lýsingar af predikunarstól.

Veðskuldabréf Bjarna Jónssonar með veði í húseign hans við Grettisgötu (virðing nr. 763) dagsett 8. október 1903. Amma mín Sigríður yfirtekur lánið þegar hún kaupir húsið 22. ágúst 1921.

Veðbókarvottorð fyrir húseignina Klapparstíg 1B í Reykjavík, dagsett 24. ágúst 1916.

Brunatrygging á húseigninni Klapparstígur 1B, dagsett 1. september 1918 (nr. 763).

Veðbókarvottorð fyrir húseignina Klapparstígur 1B, dagsett 22. ágúst 1921.

Afsal Brynjólfs Jónssonar trésmíðs á húseigninni Klapparstígur 1B ásamt lóð og öllu meðfylgjandi til frú Sigríðar Rafnsdóttur, dagsett 7. september 1916.

Athugasemd skrásetjara, húsið við Grettisgötu og Klapparstígur 1B hefur sama brunavirðingarnúmerið 763 og virðist því vera sama húseignin.

Prófskírteini Hjörleifs Þórðarsonar frá Flensborgarskólanum dags. 30. mars 1896.

Skírnarvottorð Sigríðar Rafnsdóttur dagsett í Reykjavík 3. sept. 1902.

Fæðingarvottorð Hjörleifs Þórðarsonar, dagsett á Reynivöllum í Kjós 9. maí 1900.

Veðbókarvottorð dagsett í Reykjavík 2. okt. 1903 fyrir húsið sem varð Grettisgata 5.

Mynd tekin í Köbenhavn, sennilega þegar Hjörleifur lýkur námi í trésmíði árið 1900.

Tvær myndir af hjónunum Sigríði og Hjörleifi ungum, sennilega um 1900.
Önnur gæti verið brúðkaupsmynd.

Tvær myndir af fjölskyldu Sigríðar og Hjörleifs, sennilega frá því um 1922.
Mynd af hjónunum Sigríði og Hjörleifi um 1940.

Skráð: Guðjón Indriðason